124 2. ágúst. 1. Ólafi Ólafssyni frá Lundum í Mýrasýslu . . . . . 200 kr.
2. Boga Helgasyni frá Vogi í sömu sýslu . . . . . 200 —
3. Jósepi Bjarnarsyni frá Fögrubrekku í Strandasýslu með sjerstaklegu tilliti til þess, að hann samkvæmt vottorði frá forstöðumanni skólans virðist vera mjög efnilegur, og þar sem hann er bláfátækur . . . . . 400 —

Enn fremur veitast hjer með af nefndu fje 233 kr. upp í laun jarðyrkjumanns Ólafs Bjarnarsonar.

Ávísun á ofannefndar samtals 1033 kr. fylgir hjer með.

125 8. ágúst. — *Brjef* landshöfðingja *til biskups um* Þjónustu Kjalarnesþingaprestakalls. — Samkvæmt tillögum yðar, herra biskup, í brjefi frá 22. f m. samþykkist hjer með, að löggilding prestanna á Reynivöllum og Mosfelli til þess að þjóna hinn fyrrnefndi Saurbœjarsókn og hinn síðarnefndi Brautarholtssókn verði lengd um 2 ár eða til fardaga 1880.

126 12. ágúst. — *Brjef* landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna um* Þóknun fyrir tilsögn í söng og organslætti. — Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna í brjefi frá 16. f. m. hefi jeg af fje því sem með 15. gr. fjárlaganna um árin 1878—79 er lagt til vísindalegra og verklegra fyrirtœkja veitt organista Jónasi Helgasyni 100 kr. þóknun fyrir tilsögn í söng og organslætti á þessu ári.

127 13. ágúst. — *Brjef* landshöfðingja *til amtmannsins yfir suður- og vesturumdœminu um* laxveiðina í Elliðaám. — Eptir að þjer herra amtmaður höfðuð látið halda skoðunargjörð á þeim laxveiðaáhöldum, sem eigandi laxveiðarinnar í Elliðaánum, kaupmaður Thomsen, við hefir við áminnsta laxveiði, til að komast að raun um, hvort svo mikið bil væri milli rimanna i laxakistum hans, að lax, sem er 9 þumlunga gildur, gæti smogið þær, svo sem ákveðið er með 5. grein laganna 11. maí 1876, hefir Thomsen kaupmaður í brjefi frá 3. þ. m. leitazt við að sanna fyrst og fremst, að ákvarðanir í 5. grein nefndra laga ekki verði heimfœrðar á laxveiðina í Elliðaánum, og þar næst að veiðiáhöldum sínum sje svo fyrirkomið, að 9 þumlunga gildur lax geti komizt gegnum þau. Þjer hafið því herra amtmaður í þóknanlegu brjefi 5. þ. m. spurt, hvort svo beri að álíta, að laxveiðin í Elliðaánum heyri undir ákvarðanirnar í 5. grein fyr tjeðra laga, þar eð þjer annars kostar ekki finnið ástœðu til að skjóta því undir atkvæði dómstólanna, hvort áminnzt veiðiáhöld sjeu samkvæm fyrirmælum laganna.

Af þessu tilefni læt jeg ekki dragast þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og aðgjörða, að brjef ráðgjafans frá 26. maí f. á. að eins geti um þá spurningu, hvort fyrirmæli 2. gr. laga frá 11. maí 1876, en þau virðast eptir sambandi því, er þau standa í við landsleigubálk Jónsbókar 56. kap., að eins að stefna að því að tiltaka nákvæmar þau rjettindi, er bera ýmsum mönnum, sem eiga veiði, í sömu á hvorum gagnvart öðrum, geti álitizt að ná til laxveiðinnar í Elliðaánum, sem Thomsen samkvæmt hæztarjettardómi 16. febr. 1875 er einkaeigandi að, en aptur á móti snertir áminzt brjef ekki það spursmál, hvort almennar ákvarðanir þær um friðun á laxi, er lög 11. maí 1876 innihalda, nái til nefndra áa, og ber að ætlan minni að svara því játandi.